

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



Dags eftirlits	18.11.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá Stekkjarvík	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B. Jónsson	Staðsetning	441620,709 580284,876

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Almennt er umgengni og frágangur góður í Stekkjarvík. Athugasemd var gerð um meðhöndlun sláturúrgangs en mikilvægt er að ávallt sé tryggilega gengið frá honum.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsskoðun og að henni lokinni var haldinn fundur með fulltrúum rekstraraðila. Rætt var almennt um rekstur staðarins frá síðasta eftirliti, farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu og skrifleg gögn frá sláturúrgangshöfum. Staða málá varðandi sláturúrgang og dýraleifar almennt var rædd sem og ástand og virkni hreinsivirkis. Að síðustu var farið yfir skriflegar staðfestingar úrgangshafa, móttöku og skráningu úrgangs.

## ATHUGASEMDIR

Við skoðun í sláturúrgangsgryju sást glytta í sláturúrgang en hann var að mestu hulinn með viðarbraki. Eftirlitisskoðunin fór fram síðla dags og frágangi á urðunarreininni því ekki lokið. Rekstraraðili fullvissaði undirritaða um að sláturúrgangur sé vel hulinn í lok þess dags sem hann berst, en Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að ávallt sé tryggilega gengið frá sláturúrgangi

Reykjavík, 03.12.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.